

11. Fundur í framkvæmdanefnd Þjóðkirkjunnar 19. júní 2023

Fundarmenn: Axel Árnason Njarðvík, Birgir Gunnarsson og Einar Már Sigurðarson. Árni Helgason var forfallaður.

Fundur hófst kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar og fjármál Þjóðkirkjunnar

- a. BG fór yfir launakostnað og akstur ÞK 1.1.-31.5.2023. Aksturinn er fram úr áætlun en aðrir þættir innan áætlunar.

2. Fasteignamál:

- a. Melstaður: BG gerði grein fyrir erindi KHV um leigu á landi undir gróðrastöð sem framleiðir trjáplöntur til gróðursetningar og upplýsti að tekið hefði verið jákvætt í erindið af hálfu ÞK.
- b. Mikilbær: BG gerði grein fyrir mögulegri útleigu jarðarinnar til núverandi ábúanda eftir starfslok.
- c. Möðruvellir: BG gerði grein fyrir að úttekt fari fram í vikunni vegna leiguloka Landbúnaðarháskóla Íslands á ræktuðu landi jarðarinnar og að til standi að undirrita sambærilegan leigusamning við nágrannabónda.
- d. Syðra-Laugaland: Rætt var um sölu á íbúðarhúsinu, enda sé söluheimild til staðar, en jörðinni haldið áfram í eigu ÞK.
- e. Desjarmýri: BG upplýsti að óskað hafi verið eftir úttekt á jörðinni vegna ábúðarloka.

3. Málefni Biskupsstofu

- a. Undir liðnum kom Ragnhildur Ásgeirsdóttir inn á fund nefndarinnar og vék hún af fundinum að honum loknum.
- b. Rætt var um framtíðarmönnun presta á landinu og forsendur fjárhagsáætlunar.

4. Önnur mál

- a. Rætt var um gerð fjárhagsáætlunar. Vinna er þegar hafin, mun fyrsta útgáfa liggja fyrir í byrjun september og mun hún verða tilbúin í lok þess mánaðar. Verður hún lögð fram á fund framkvæmdanefndar og í kjölfarið lögð fyrir fjárhagsnefnd.
- b. Rætt var um að færa heimilisfang nokkurra sjóða frá Katrínartúni 4 og mögulega að kanna hvort slíta skuli þeim.
- c. Rætt var um framhald samningsgerðar vegna skógræktar í Saurbæ.

Næsti fundur var ákveðinn 14. ágúst kl. 9:00-12:00.

Fundargerð var lesin upp og hún samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 11:00.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður Rekstrarstofu.